

**Mættir:** Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Leifur Guðni Grétarsson mótastjóri, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsóttir varaformaður, Hörður Oddfríðarson Ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri, Eyleifur Jóhannesson.

**Afboða, mæta ekki :** Árni Stefánsson

**Fundur 26.11 2024 settur kl. 18.00**

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

**2. Mót og starfsemi**

- a. ÍM25 var haldið í Ásvallalaug 8-10 nóvember. Alls kepptu tæplega 180 keppendur skráðir til leiks og mönnun sjálfboðaliða var frábær. Mótið gekk frábærlega í alla staði og voru sett 11 Íslandsmet, 9 unglíngamet og 1 aldursflokkamet á mótinu. Veitti voru peningaverðlaun fyrir Íslandsmet í opnum flokki einstaklinga. 8 sundmenn náðu lágmarkum á HM25 í Búdapest í desember og 16 keppendur náðu lágmarkum á NM í Danmörku í lok mánaðar. Umgjörð mótsins var frábær og sem fyrr var SSÍ með streymi á mótinu sem sýnt var á rásum RÚV. Stjórn SSÍ vill þakka SH fyrir samstarfið á mótinu sem var frábært og öllum sjálfboðaliðum fyrir sinn þátt.
- b. Næstu mót eru NM sem verður haldið í Danmörku 29.nóv- 1.des , HM25 í Búlgaríu 10-15. des og Bikar 20 - 21. des í Reykjanesbæ.
- c. Fjármálaráðstefna ÍSÍ var haldin á Hilton hótelinu fimmtudaginn 14. nóvember. Formaður, framkvæmdastjóri, gjaldkeri og mótastjóri mættu á ráðstefnuna. Málafni ráðstefnunnar voru:
  - a. Rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar
  - b. Skattskylda í íþróttastarfsemi
  - c. Framlög stjórnvalda til íþróttahreyfingarinnar
  - d. Happraðtti og veðmálastarfsemi Þar var farið yfir skattalegar áskoranir íþróttafélaga og sérsambanda

Margir áhugaverðir fyrirlestrar voru fluttir bæði af starfs- og stjórnarmönnum SSÍ og einnig frá endurskoðunarfyrtækinu Diolette. Hámarkinu var samt náð þegar að Ásmundur Einar Daðason ráðherra íþróttamála hélt erindi og tilkynnti tæplega 640 milljóna viðbótarframlag í afreksmál og fékk standandi lófaklapp fyrir.

- d. Framkvæmdastjóri og formaður mættu á móttöku hjá Ásmundi Einari Daðasyni barna og menntamálaráðherra sem við kjósum að kalla ráðherra íþróttamála. Í móttökunni voru afhentar viðurkenningar til þeirra sem tóku þátt á Ólympíuleikunum og Para Olympics í París fyrir á árinu.
- e. Framkvæmdastjóri og formaður fóru á afmælishóf Ólympíufara sem haldið var í húsakynnum ÍSÍ. Tilefnið var 40 ára afmæli Ólympíuleikanna í Los Angeles árið 1984. Forseti Íslands Halla Tómasdóttir hélt erindi og rifjaðar voru upp sögur af leikunum.
- f. Framkvæmdastjóri og formaður mættu á formannafund ÍSÍ sem haldin var í Þróttaraheimilinu 22. Nóv s.l. Fyrir fundinn komu ráðamenn stjórnmalaflokkanna og héldu stutt erindi um hvað þeir hyggðust gera fyrir íþróttir í landinu nái þeir brautargengi í kosningum í loka mánaðar. Einnig var tekið við spurningum úr sal. Umræðurnar voru skemmtilegar og velvilji í garð íþróttá er mikill ef marka má fulltrúa flokkanna í þessum umræðum. Formannafundurinn sjálfur var svo með

hefbundinni dagskrá þ.e skýrsla stjórnar, reikningar, verkefni í gangi o.s.frv. Á fundinum skrifuðu þeir Lárus Blöndar forseti ÍSÍ og Ásmundur Einar Daðason ráðherra undir samkomulag um styrkveitingu til afreksíþróttta fyrir næsta ár upp á tæpar 640 m.kr. Vésteinn Hafsteinsson kom inn á í erindi sínu hvernig þessari viðbót yrði skipt og hver forgangsröðunin væri. Forgangurinn er sem hér segir:

- a. Sérsambönd
- b. Afreksmiðstöð Íslands (Team Iceland)
- c. Framfærslukostnaður afreksfólks og þjálfara

Stefnt er að því að stofna Afreksmiðstöð Íslands formlega í janúar og strax í febrúar verður viðbótarúthlutun til sérsambanda. Í kjölfarið verður unnið að því að gera 5 ára samning við stjórnvöld og koma því inn í fjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar fyrir árin 2026-2030.

Formaður SSÍ hélt stutta ræðu í liðunum fjármál íþróttahreyfingarinnar um hversu mikill árangri sundhreyfingin hefur náð undanfarin ár á stærstu sviðum heims á sama tíma og rekstur sambandsins væri orðin mjög þungur þar sem hækkanir á framlögum hafa ekki verið í takt við verðlag síðastliðin 5-8 ár. Einnig var komið inn á hversu bagalegt það væri að þurfa að eyða heilu dögnum í að reyna að fá frí í skólum eða hliðra til prófum fyrir keppendur sem eru að keppa fyrir Íslands hönd á alþjóða vettvangi bæði á HM og NM.

- g. Mannvirkjaskýrslan er komin út og hefur verið send á félög, sveitarfélög, arkitekta, verkfræðinga, íþróttahéruð og svo mætti lengi telja. Með skýrslunni var gerð fréttatíkyning sem náði athygli fjölmíðla. Félög innan SSÍ er hvött til að koma skýrslunni á framfæri til sinna sveitafélag til að halda þrýsingi á málum hvort sem það eru endurbætur eða nýbygginar sundmannvirkja.
- h. Framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri hittu Hlín bókara SSÍ á fundi í síðustu viku þar sem farið var yfir reikninga sambandsins. Staðan er mjög þung og það verður tæpt að við munum eiga fyrir launum næstu tvenn mánaðamóti. Árið sem er að líða hefur verið okkur mjög dýrt enda verkefnin mörg og allur kostnaður að hækka gríðarlega.

### 3. Afreksmál

- Þann 22. okt s.l var haldin fundur með yfirþjálfurum félaganna. Fundurinn var haldin í húsakynnum ÍSÍ og var þáttaka góð. Eyleifur hélt kynningu um það helsta og í kjölfarið spunnust umræður. Fundurinn kom vel út og allir voru samstíga með næstu skref. Helstu niðurstöður fundarins voru:
  - AMÍ verði haldið næst síðustu helgi júní mánaðar- (staðfest í nóv fyrir 2025)
  - SMÍ verði haldið síðustu helgi júní mánaðar fyrir 13 ára og eldri (ný stigakeppni féлага og tveggja hluta prógram)
  - Samstarf við Færeyjar um Dual-mót fyrir Framtíðarhóp í september
  - Eyleifur mun setja sig í samband við þjálfara í næstu viku varðandi komandi verkefni (NM, HM25) og Æfingabúðir í janúar
  - Finna dagsetningar fyrir landsliðsæfingar ca einu sinni í mánuði eftir áramót.
  - Eyleifur mun setja upp hugmynd fyrir krítériur fyrir B-landsliðsverkefni í byrjun júlí
  - Við munum skoða hvort við getum haft einhverskonar „stroke camps“ fyrir þjálfara (tæknifyrirlastra)
  - Stefnt að næsta fundi á RIG og svo öðrum í apríl til að raða upp atburðadagatali.

- Eyleifur mun fara bæði á NM í Vejle og HM í Búdapest og fer svo upp til Álaborgar eftir NM og ferðast með Snæfríði á HM.
- Búið er að heyra í þjálfurum félagana sem eru líklegust til að senda þjálfara á NM og HM. Hverjir fara ræðst svo um helgina
- Eyleifur átti góðan fund með Johan Setterberg sem vinnur fyrir Norska landsliðslið hvað varðar test og greiningar. Erum að skoða meira samstarf á milli norðurlandþjóða á þessum vettvangi.

#### 4. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

Fundargerð dómara nefndar 20.11.2024

#### 5. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
6.11.2024	Íþróttældhugi ársins 2024	ÍSÍ

#### 6. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
<i>Engin félagaskipti</i>				

#### 7. Staðfesting meta / afreka

25m laug, íslandsmet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
50m skriðsund	Símon Elías Statkevicius	SH	00:21,93	8.11.2024	Hafnarfj
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfánarson	SH	00:52,91	8.11.2024	Hafnarfj
4x100m skriðsund	Karla Sveit SH	SH	03:17,84	9.11.2024	Hafnarfj
	Birnir Freyr				
	Símon Elías				
	Ýmir Chateney				
	Veigar Sigþórsson				
4x200m skriðsund	Karla sveit SH	SH	07:17,51	8.11.2024	Hafnarfj
	Ýmir Chateney				
	Birnir Freyr				
	Bergur Fáfñir				
	Magnús Viðir				
4x100m fjórsund	Karla sveit SH	SH	03:36.15	10.11.2024	Hafnarfj
	Bergur Fáfñir				
	Snorri Dagur				
	Birnir Freyr				
	Simon Statkevicius				
4x50m skriðsund	Blönduð Sveit SH	SH	01:35.27	10.11.2024	Hafnarj
	Simon Statkevicius				
	Birnir Freyr				
	Vala Dís				
	Jóhanna Elín				
4x50m fjórsund	Blönduð Sveit SH	SH	01:45.60	9.11.2024	Hafnarfj
	Bergur Fáfñir				
	Snorri Dagur				
	Jóhanna Elín				
	Vala Dís				

<b>Grein:</b>	<b>Nafn:</b>	<b>Félag:</b>	<b>Tími:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Staður</b>
4x100m skriðsund	Kvenna sveit SH Jóhanna Elín Nadja Djurovic Katja Lilja Vala Dís	SH	03:45.58	9.11.2024	Hafnarfj
4x200m skriðsund	kvenna sveit SH Nadja Djurovic Katja Lilja Jóhanna Elín Vala Dís	SH	08:14.55	8.11.2024	Hafnarfj
4x100m fjórsund	Kvenna Sveit SH Vala Dís Auguste Balciunaite Nadja Djurovic Jóhanna Elín	SH	04:13.33	10.11.2024	Hafnarfj

#### **Unglingamet**

<b>Grein:</b>	<b>Nafn:</b>	<b>Félag:</b>	<b>Tími:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Staður</b>
100m skriðsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:49.37	9.11.2024	Hafnarfj
50m baksund	Guðmundur Leo Rafnsson	ÍRB	00:24.99	9.11.2024	Hafnarfj
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:24.20	10.11.2024	Hafnarfj
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:24.18	10.11.2024	Hafnarfj
50m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:23.84	10.11.2024	Hafnarfj
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:53.44	8.11.2024	Hafnarfj
100m flugsund	Birnir Freyr Hálfðánarson	SH	00:52.51	8.11.2024	Hafnarfj
100m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	00:54.43	10.11.2024	Hafnarfj
200m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	01:58.63	9.11.2024	Hafnarfj
400m skriðsund	Vala Dís Cicero	SH	04:13.69	8.11.2024	Hafnarfj

#### **Aldursflokkamet**

<b>Grein:</b>	<b>Nafn:</b>	<b>Félag:</b>	<b>Tími:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Staður</b>
50m bringusund	Auguste Balciunaite	SH	00:33.37	10.11.2024	Hafnafj

## **8. Önnur mál:**